

Borgarstjórn
17. september 2019

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um uppsögn samnings Vegagerðinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2012

Borgarstjórn samþykkir að undirbúa uppsögn samnings Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tilraunaverkefni til eflingar almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til 10 ára sem gerður var í maí 2012. Samhliða skuli brýnum úrbótum á helstu samgönguæðum borgarinnar, sem frestað var vegna samningsins, framhaldið.

Greinargerð:

Þann 7.maí 2012 skrifuðu fulltrúar Vegagerðarinnar annars vegar og fulltrúar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hins vegar undir samkomulag um 10 ára tilraunaverkefni um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið verkefnisins voru í meginatriðum þessi:

1. Að tvöfalda að minnsta kosti hlutdeild almenningsamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu á samningstímanum.
2. Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og umferðarslysa.
3. Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.
4. Að skapa forsendur til frestunar á stórum framkvæmdum í samgöngumannvirkjum með öflugri almenningsamgöngum sem dragi úr vexti bílaumferðar á stofnbrautakerfinu á annatímum.

Markmiðin eru eins og sjá má , skýr og vel afmörkuð.

Nú, þegar áttunda ár þessa samnings er hafið, er rétt að láta staðreyndirnar tala og skoða hvernig til hefur tekist, lið fyrir lið:

1. Að tvöfalda að minnsta kosti hlutdeild almenningsamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu á samningstímanum.

Árið 2011 var hlutdeild almenningsamgangna 4%.

Í dag er hlutfallið 4%

Niðurstaðan er skýr: Algjörlega hefur misheppnast að ná markmiði.

2. Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og umferðarslysa.

Samgöngukostnaður heimila hefur hækkað verulega á tímabilinu.

Samfélagslegur kostnaður vegna umferðar í formi tafa og óhappa hefur stóraukist. Beinlínis vegna samningsins.

Niðurstaðan er skýr: Algjörlega hefur misheppnast að ná markmiði

3. Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.

Losun gróðurhúsalofttegunda hefur aukist verulega, beinlínis vegna samningsins, þ.e. vegna gríðarlegra tafaaukninga sem að mestu eru tilkomnar vegna skilmála samnings.

Niðurstaðan er skýr: Algjörlega hefur misheppnast að ná markmiði.

4. Að skapa forsendur til frestunar á stórum framkvæmdum í samgöngumannvirkjum með öflugri almenningssamgöngum sem dragi úr vexti bílaumferðar á stofnbrautakerfinu á annatímum.

Þrátt fyrir fjáraustur upp á tæpa 7 milljarða frá ríkinu og 21 milljarð frá eigendum Strætó þar á meðal Reykjavíkurborg sem á 60.3% í félaginu, hefur hlutfall notkunar Strætó ekkert breyst. Forsendur til frestunar á stórum framkvæmdum í samgöngumannvirkjum hafa því ekki náðst, heldur þvert á móti fjarlægst.

Niðurstaðan er skýr. Algjörlega hefur misheppnast að ná markmiði.

Eftir þessa yfirferð blasir við að samningur þessi, sem sá er hér talar er viss um að hafi verið gerður af góðum hug, hefur algjörlega misst marks og í raun snúist upp í andhverfu sína þegar lítið er til afleiðinga hans.

Þegar svo er komið er aðein ein leið fær og hún er að rifta samningnum svo þær framkvæmdir við samgöngumannvirki sem frestað var vegna hans geti hafist án tafar.

Þannig og aðeins þannig getum við dregið úr þeim skaða sem samningurinn hefur þegar valdið. Sá sem hér talar vill að lokum minna þá sem hér sitja á, að við eigum skyldum að gegna gagnvart borgarbúum og okkur ber að haga störfum okkar með þeim hætti að þeim skyldum sé sinnt með besta mögulega hætti, það er að hagsmunir borgarbúa skuli ávallt vera í forgrunni.

Það getum við gert í dag með því að segja Já við þessari tillögu.